

Hvolsá og Staðarhólsá 1981 og 1982.

Dagana 30/6-1/7 og 28/7 1982 var árangur sleppinga sumaralinnna seiða á vatnasvæði Hvolsár og Staðarhólsár kannaður.

Mun ég hér á eftir gera grein fyrir niðurstöðum rafveiðanna, en árangur sleppinganna er nokkuð misjafn. Bestur árangur hefur orðið í Brunná, Þveraldalsá og Belgdalsá.

Á stöplariti hér að aftan eru sýndar niðurstöður rafveiða sem fram fóru 20-21/8 1981, eða ca. hálfum mánuði eftir sleppingu og síðan ~~úr rafveiðum~~ 30/6-1/7 1982. Þá veiddist ekkert laxaseiði í Traðardalsá og má kenna miklu vatni í ánni þar um, því skilyrði til rafveiða eru þá léleg. Var rafveitt í Traðardalsá aftur þann 28/7.

Tafla aftast sýnir meðallengdir laxaseiðanna þann 30/6-1/7 og í Traðardalsá þann 28/7 1982. Til samanburðar eru meðallengdir seiðanna sýndar hálfum mánuði eftir sleppingu. (þ.e. 1981).

Varast ber að bera saman vöxtinn á seiðunum úr Traðardalsá við vöxt seiðanna í hinum ánum, því um mánaðarmótin júní-júlí var sumarmöxtur lítið sem ekkert hafinn, en í lok júlí höfðu seiðin vaxið þó nokkuð.

Fram kemur að í Belgdalsá ~~vaxa~~ seiðin hvað best.

Í Húsá veiddust engin laxaseiði, en tvær bleikjur veiddust þar. Í gilinu fyrir ofan fossinn mátti sjá að aur úr ánni náði allt upp í eins og hálf meter hæð á bökkunum. Líklega hefur áin drepit seiðin eða í það minnsta flutt þau niður í Hvolsá.

Í Hvolsá var rafveitt á þremur stöðum. Við veiðistað 23-24 á 250 m² svæði. Ekkert laxaseiði veiddist en 9 bleikjuseiði veiddust. Við túnfótinn á Hvolsseli var rafveitt á 150 m² svæði og veiddist ekkert laxaseiði þar, en 20 bleikjuseiði. Fyrir neðan Bessatungu, á vetrarvegi, var rafveitt á 100 m² svæði og fengust þá 2 laxaseiði úr sleppingunni og önnur tvö sem voru fjögurra vetra gömul.

Eins og ég nefndi í skýrslu frá því í maí 1981 er erfitt að kanna árangur hrygningar fyrr en á næsta ári en þá eru seiðin orðin eins árs gömul og farin að dreifa sér um ána.

Ef sleppa á seiðum í framtíðinn koma Belgdalsá, Brunná, Traðardalsá og Þveraldalsá einna helst til greina en þar er árangur góður enn sem komið er. Má búast við því að nokkur hluti seiðanna nái sjógöngustærð næstkomandi vor, þá tveggja vetra gömul.

Hæfileg dreifing er 0.3-0.5 seiði á fermeter. Brunná ætti því að geta borið ca. 2000 seiði, en rétt er að fara rólega af stað, *ok Gylfa með FERRI.*

Tafla. Lengdir "sleppiseiða" á vatnasvæði Hvolsár og Staðarhólsár árin 1981 og 1982.

Staður	1981		1982	
	fjöldi	meðallengdir	fjöldi	meðallengdir
Hvolsá	6	5.1	2	5.55
Húsá	7	5.09	-	-
Brunná	10	4.89	14	6.11
Belgdalsá	8	4.74	12	6.7
Þverdalsá	6	4.77	4	6.17
Hvammsdalsá	7	5.1	2	6.65
<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Traðardalsá	5	4.62	4	8.0

FJÖLDI SEIDA

